

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.**

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

|            |    |             |
|------------|----|-------------|
| Íbúðir     |    | 17.600 kr.  |
| Fyrirtæki: | a) | 17.600 kr.  |
|            | b) | 48.300 kr.  |
|            | c) | 88.000 kr.  |
|            | d) | 161.500 kr. |
|            | e) | 315.800 kr. |
|            | f) | 477.500 kr. |

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 7. febrúar og 28. febrúar 2008.

Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 293/2007.

*Skútustaðahreppi, 29. febrúar 2008.*

**Guðrún M. Valgeirsdóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. maí 2008